Námsáætlun

Kennari:	**Erling Ó. Aðalsteinsson og Kolbeinn Ari Hauksson**
Áfangi/fag:	**ENSK2AE, enska, bókmenntir og ritun**

Stutt lýsing

Nemendur lesa texta um margvísleg efni og orð og orðatiltæki eru rædd og skýrð á ensku. Einnig eru kynnt og rannsökuð hugtök sem tengjast köflum í kennslubók áfangans. Verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem kemur fyrir í lestextum. Undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, eru skoðuð. Nemendur æfast í að skrifa vel skipulagðar efnisgreinar og tengja þær saman. Nemendur vinna verkefni úr völdum smásögum. Ein valin kvikmynd er tekin fyrir á önninni og vinna nemendur ýmis verkefni úr henni.

Undanfari: ENSK1FN00

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða sem tengist menningu og þeim menningarheimum þar sem enska er töluð
- flóknari málfræði enskrar tungu
- uppbyggingu mismunandi texta, s.s. blaðagreina, fræðigreina, bókmenntatexta, smásögur o.fl

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig um sitt eigið umhverfi og menningu á ensku
- beita flóknari málfræðireglum í ræðu og riti
- túlka með eigin orðum á ensku efni frá mismunandi miðlum
- tjá sig í ræðu og riti um margvísleg mál frá eigin brjósti
- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um þekkingu sína
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- taka þátt í samræðum um viðfangsefni áfangans og hugarefni sín

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir skoðun og afstöðu höfunda margvíslegra texta og geta tjáð sig um hana bæði munnlega og skriflega
- lesa milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta
- taka þátt í skoðanaskiptum á ensku og geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi
- færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum, bæði í ræðu og riti
- tengja þekkingu sína og leikni við það umhverfi og menningarheim sem hann býr við

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Pathways 3, second edition, The Giver (skáldsaga), Office Space (kvikmynd) ásamt glærum og öðru námsefni sem kennari deilir með nemendum.

Námsmat

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Kaflapróf	Fimm kaflapróf (5 x 10%)	50%
Bókmenntir	Verkefni og próf úr The Giver (fimm kaflapróf 5x 6%))	30%
Verkefni	Kvikmyndaverkefni	10%
Annareinkunn	Vinnusemi, frammistaða og vinnubók	10%
	Samtals:	**100%**
	Lágmarkseinkunn 4.75	

Áætlun:
Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	**Námsefni - viðfangsefni**	**Kaflar/verkefni**	**Athugasemdir/vægi matshluta**
	Kynning á áfanganum.		
	Pathways 1.kafli	Kafli 1 (kaflaprófl)	10%
	Pathways 2.kafli	Kafli 2 (kaflapróf 2)	10%
	Pathways 3.kafli	Kafli 3 (kaflapróf 3)	10%
	Pathways 4.kafli	Kafli 4 (kaflapróf 4)	10%
	Pathways 5.kafli	Kafli 5 (kaflapróf 5)	10%
	Smásöguverkefni	Ástundun og vinnusemi	10%
	Kvikmyndaverkefni/bókmenntir		30%
	Vinnusemi og virkni		10%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar